

Miðvikudaginn 13. marz 1946.

Nr. 34/1944. **Franz A. Andersen** (Hrl. Ólafur Þorgrímsson)
gegn

Tryggva Magnússyni og gagnsök.
(Hrl. Gunnar J. Möller).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson
í stað hrd. Þórðar Eyjólfssonar.

Ósannað, að sala á málverki hefði farið fram.

Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, sem hefur að fengnu áfrýjunarleyfi 30. marz 1944 skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 31. s. m., hefur gert þær dómkröfur, að honum verði dæmdur eignarréttur að málverki því, sem í máli þessu greinir, aðallega gegn greiðslu kr. 1500.00 ÷ kr. 557.00, en til vara gegn greiðslu á kr. 2500.00 ÷ 557.00. Svo krefst aðaláfrýjandi og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi, sem hefur að fengnu áfrýjunarleyfi 25. september 1944 skotið málinu til hæstaréttar með stefnu 16. október s. á., hefur gert þær dómkröfur, aðallega að aðaláfrýjanda verði skilyrðislaust dæmt að skila honum greindu málverki, en til vara, að úrslit málsins verði látin velta á eiði sínum, og til þrautavara, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 1943.00. Loks krefst gagnáfrýjandi málskostnaðar fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.

Aðiljar máls þessa eru á eitt sáttir um það, að aðaláfrýjandi hafi tekið við málverkinu Álfareiðinni til geymslu og til sölu fyrir hönd gagnáfrýjanda, ef í það fengist kaupboð, er gagnáfrýjandi taldi viðunandi. Aðaláfrýjandi, sem kveðst sjálfur hafa keypt málverkið, getur þó ekki tilgreint stund eða stað, er kaupin hafi gerzt. Þá hefur aðaláfrýjandi játað, að aldrei hafi verið skýrt talað um verð það, er hann skyldi greiða fyrir málverkið.

Gagnáfrýjandi hefur neitað því eindregið, að hann hafi selt aðaláfrýjanda málverkið. Kveður hann, að fégreiðslur aðal-

áfrýjanda til sín, þær er í héraðdómi getur, hafi einungis verið lán, en alls ekki greiðslur upp í andvirði málverksins. Vottorð þau og vætti, sem aðiljar hafa vísað til, skera ekki úr, enda eru vættin óljós um sönnunaratríðið, og vottorði Tómasar Gíslasonar hefur verið andmælt sem óstaðfestu fyrir dómi.

Þegar virtar eru þær reyndir málsins, sem nú var lýst, verður ekki talið, að aðaláfrýjandi hafi leitt sönnur að því, að hann hafi keypt málverkið, og ekki eru leiddar slíkar líkur að kaupunum, að úrslit málsins verði látin velta á eiði annars hvors aðilja.

Samkvæmt þessu ber að dæma aðaláfrýjanda til að skila gagnáfrýjanda málverkinu Álfareiðinni.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda samtals kr. 500.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Meðferð máls þessa í héraði hefur verið mjög andstæð ákvæðum laga nr. 85/1936. Málið var upphaflega rekið fyrir fógætadómi, en fógæti taldi sig ekki bærán til að skera úr ágreiningi aðilja. Þegar málið kom fyrir bæjarþingið, hög-uðu umboðsmenn aðilja sér ekki eftir 105. og 106. gr. nefndra laga, heldur lagði umboðsmaður gagnáfrýjanda auk stefnu og nýrrar greinargerðar þegar fram skjöl fógætamálsins, þar á meðal greinargerðir og bókanir fyrir fógæta, alls 21 skjal. Var síðan leitað sátta, áður en stefndi lagði fram sína greinargerð. Ekki var ákveðið á því stigi máls, sem í 109. gr. nefndra laga segir, hvort málflutningur skyldi vera skriflegur eða munnlegur. Aðiljar fengu ekki sameiginlegan frest, svo sem boðið er í 110. gr. laganna, heldur tóku þeir fresti á vixl frá 7. maí 1942 til 19. nóvember s. á. Málið hvíldi frá þeim tíma í rúmt ár, eða til 23. nóvember 1943, er munnlegur málflutningur fór fram. Verður að vita harðlega þessa málsmeðferð.

D ó m s o r ð:

Aðaláfrýjandi, Franz A. Andersen, skal skila gagnáfrýjanda, Tryggva Magnússyni, málverki því, er í máli þessu greinir.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda samtals kr. 500.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 30. nóvember 1943.

Mál þetta, sem dómtekið var 23. þ. m., er höfðað á bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 5. maí 1942, af Tryggva Magnússyni listmálara, Ökrum á Seltjarnarnesi, gegn Franz A. Andersen endurskoðanda, Reynimel 49 hér í bænum. Eru dómkröfur stefnanda þessar: *Aðallega*, að stefndi verði skilorðslaust dæmdur til að skila honum síðargreindu málverki, *til vara*, að úrslit málsins verði látin velta á eiði hans (stefnanda) og loks til *þrautavara*, að stefndi verði dæmdur til að greiða andvirði málverksins, kr. 2500.00, að frádregnum kr. 557.00, er stefnandi kveðst skulda stefnda. Enn fremur krefst stefnandi málskostnaðar, hvernig sem málið fer.

Stefndi krefst algerrar sýknu af aðal- og varakröfum stefnanda. Þrautavarakröfunni mótmælir hann sem of hárrí og krefst þess, að verð málsverksins verði talið kr. 1500.00 eða það ákveðið með mati, miðað við hæfilegt kaupverð þess árið 1940. Frá verði málverksins verði síðan dregið það, sem hann hafi þegar greitt stefnanda af verði þess, en sér síðan gert að greiða stefnanda hugsanlegan mismun. Þá krefst stefndi og málskostnaðar eftir mati réttarins.

Atvik máls þessa eru þau, að árið 1930 eða þar um bil gerði stefnandi eftir atviki úr íslenskum þjóðsögum málverk, er hann nefndi Álfareið. Nokkru síðar kom hann málverki þessu fyrir til geymslu í verzlun einni hér í bænum, en ekki mun það hafa verið til sölu þar. Enn síðar, eða líklega árið 1935, bauð stefnandi Menntamálaráði málverkið til kaups fyrir kr. 2500. Af kaupum varð þó ekki, og skýrir stefnandi svo frá, að ástæðan hafi verið sú, að ráðið hafi þá fylgt þeirri reglu að kaupa ekki fyrir meira en kr. 1200.00 í einu af hverjum málara. Árið 1937 var stefnandi búinn að taka málverkið heim til sín. Var stefndi kunningi hans og heimagangur á heimili hans. Varð nú það samkomulag með málsaðiljum um umrætt málverk, að stefndi tæki það á heimili sitt og reyndi að selja það fyrir stefnanda eða þá, að hann keypti það sjálfur. Stefnandi telur, að verð hafi verið ákveðið kr. 2500.00, en stefndi telur, að verðið hafi verið ákveðið kr. 1500.00, a. m. k. ef hann keypti málverkið sjálfur. Ekki varð úr því, að stefndi seldi málverkið, og veturinn 1941—1942 ætlaði stefnandi að sækja það heim til stefnda, en þá neitaði stefndi að afhenda það og taldi sig vera búinn að festa kaup á því. Er stefndi reyndist ófánlegur til að afhenda málverkið, gerði stefnandi tilraun til að fá

sér fengin umráð þess með fógetavaldi, en þegar sú tilraun varð árangurslaus, höfðaði hann mál þetta og gerir í því framangreindar kröfur.

Aðalkröfu sína í málinu byggir stefnandi á því, að stefndi hafi aðeins haft málverkið í vörzlum sínum í því skyni að selja það fyrir hann, og hafi stefnda einnig verið heimilt að kaupa það sjálfum. Það hafi þá hvorki orðið úr því, að stefndi seldi málverkið né keypti það sjálfur. Telur stefnandi sig því tvímælalaust hafa verið eiganda þess, er hann vitjaði þess til stefnda, og hafi honum því skilorðslaust borið að afhenda sér það.

Varakröfuna byggir stefnandi á því, að ef eignarréttur hans yfir málverkinu þætti ekki nógu glöggur til að viðurkennast skilorðslaust, þá geti þó ekki meiru munað en því, að rétt væri að heimila honum að synja þess með eiði, að hann hafi sell stefnda umrætt málverk.

Þrautavarakrafa byggist loks á því, að ef svo yrði litið á, að hann hefði selt stefnda málverkið, þá ætti verð þess að reiknast kr. 2500.00, en til frádráttar verðinu að koma þær kr. 557.00, sem hann kveðst skulda stefnda.

Stefndi byggir dómkröfur sínar, þær er til álita geta komið, á því, að hann hafi keypt málverkið af stefnanda fyrir kr. 1500.00, og að til frádráttar þeirri fjárhæð eigi að koma það, er hann hafi þegar greitt stefnanda. Telur hann það meira en stefnandi viðurkennir, en hefur þó ekki getað gert grein fyrir því.

Lausn málsins veltur á því, hvort stefndi hefur keypt umrætt málverk af stefnanda, og verður því að ræða rök hans fyrir þeirri staðhæfingu.

Stefndi heldur því fram, að peningagreiðslur þær, sem aðiljar eru sammála um, að hann hafi látið stefnanda í té, hafi verið afborganir af kaupverði málverksins. Hann hefur leitt sem vitni varðandi mál þetta Friðrik Sigfússon, Hringbraut 183 hér í bæ. Kveður Friðrik í framburði sínum, að líklega vorið 1940 hafi hann komið með stefnda á heimili stefnanda. Hafi umrætt málverk þá borið í tal, og sér skilist á orðum stefnanda og konu hans, að stefndi væri eigandi þess, en ætti aðeins eitthvað ógreitt af kaupverðinu. Þá hefur Tómas Gíslason gefið vottorð um, að hann hafi verið vitni þess, að stefndi hafi greitt stefnanda ýmsar fjárhæðir, er hafi átt að ganga til greiðslu málverksins, og kveður Tómas sérstaklega minnisstætt, að er ein slík greiðsla hafi farið fram, hafi verið haft orð á því, að með þessu móti yrði ekki langt, þangað til málverkið væri greitt að fullu“. Enn hefur stefndi lagt fram vottorð Mús Benediktssonar, er segir frá því, að vorið 1939 hafi þeir stefndi rætt um kaup á mynd þeirri, er hér ræðir um. Vildi Már eignast myndina, en telur, að í tilefni af því hafi stefndi sagt sér, að hann hefði ekki enn sem komið væri, óskoraðan ráðstöfunar-

rétt yfir henni, en byggist þó við að fá hann. Kveður Már sér hafa fundizt, að með þessu ætti stefndi við það, að hann hefði ekki enn þá greitt andvirði myndarinnar að fullu. Loks hefur stefndi leitt sem vitni Svölu Thorsteinsson, er hefur borið, að hún hafi eitt sinn seint á árinu 1940 verið viðstödd, þegar stefndi greiddi reikning frá Andrési Andréssyni klæðskera fyrir stefnanda, og hafi hún tekið það svo, að sú greiðsla ætti að ganga upp í kaupverð Álfareiðarinnar, sem stefndi hafi löngu áður verið búinn að segja henni, að hann hefði keypt af stefnanda. — Vottorð hefur stefndi og lagt fram frá Tómasi Guðmundssyni, en ekki er ástæða til að ræða það, þar eð það er óstaðfest og því mótmælt af þeirri sök.

Stefndi hefur skýrt svo frá, að eitt sinn á árinu 1940 hafi stefnandi komið til sín í Landsbankann, en þar vann stefndi á þeim tíma, og spurt sig, hvort sér væri ekki sama, þótt hann tæki fót út á eftirstöðvar af andvirði málverksins hjá Andersen & Lauth h/f., en í því fyrirtæki mun stefndi hafa átt. Ekki kvaðst stefndi hafa samþykkt það, en þetta með öðru sýni, að hann hafi á þeim tíma verið búinn að kaupa málverkið.

Hafa nú þau atriði í málflutningi stefnda verið rakin, er þykja geta varðað úrlausn málsins.

Stefnandi hefur lagt fram mörg vottorð, er með tilliti til þess, hvernig sönnunarbyrði í máli þessu er farið, ekki þykir ástæða til að rekja, en þau hníga öll í þá átt, að stefnandi hafi ekki selt stefnda málverkið og að hann hafi ætíð talið sig eiganda þess. Sjálfur heldur stefnandi því sama fram, og telur hann, að peningagreiðslur stefnda til sín hafi eingöngu verið kunningjalán, en ekki greiðsla fyrir Álfareiðina. Hann telur stefnda skýra rangt frá samtali þeirra í Landsbankanum árið 1940. Kveður hann þá hafa talað um kaup á málverkinu, en ekkert úr þeim orðið, hvorki þá né síðar.

Framburður Friðriks Sigfússonar þykir ekki öruggur þegar af þeirri ástæðu, að því er ómótmælt haldið fram af hálfu stefnanda, að Friðrik hafi verið mjög drukinn í það skipti, sem hann kom heim til stefnanda. Tómas Gíslason hefur ekki verið leiddur fyrir rétt. Þykir vottorð hans ekki svo ljóst, sem æskilegt hefði verið, en styður þó staðhæfingar stefnda. Vottorð Mús Benediktssonar sýnist hins vegar ekki styðja málstað stefnda, þar eð stefndi sagði Má, að hann hefði þá enn þá ekki óskoraðan ráðstöfunarrétt yfir myndinni, og ekki skiptir máli, hverjar ályktanir Már dró af því. Svala Thorsteinsson gaf tvö vottorð í málinu og mætti auk þess sem vitni, þegar málið var fyrir fógætaréttinum. Virðist hún fremur reikul, en þó styrkir framburður hennar stefnda.

Ósannað er, hvor aðilja skýrir rétt frá samtalinu í Landsbankanum árið 1940.

Stefndi hefur kannazt við, þegar hann var leiddur fyrir fógetaréttinn til skýrslugjafar, að aldrei hafi verið fastákveðið verð á málverkinu milli aðilja. Hann kveðst þó hafa gert ráð fyrir að fá það fyrir kr. 1500.00, ef hann keypti það sjálfur. Þá skýrði hann og svo frá í fógetaréttinum, að hann gæti ekki nefnt ákveðinn tíma eða stað, er kaupin hefðu gerzt á, enda hafi oft verið um þau talað. Í munnlega málflutningnum var því þó haldið fram af hans hálfu, að kaupin hefðu ekki gerzt síðar en snemma árs 1940.

Þegar þessa er gætt svo og þess, sem áður segir um vitni þau, er stefndi styður staðhæfingar sínar við, þá þykir ekki unnt að líta svo á, að honum hafi tekizt að sanna, að hann hafi verið búinn að kaupa málverkið af stefnanda, þegar stefnandi vitjaði þess veturinn 1941—1942, en þegar lítið er til þess, á hvern hátt málverkið komst í vörzlur stefnda, þykir sönnunarbyrðin um, að kaup hafi gerzt, hvíla á stefnda. Og þar sem telja verður, að stefndi hafi eftir öllum atvikum ekki getað orðið kaupandi málverksins með því einu að tilkynna stefnanda, að hann teldi sig vera búinn að kaupa það, þegar stefnandi ætlaði að taka það frá honum, þá verður að líta svo á, að ósannað sé, að stefndi hafi nokkru sinni orðið eigandi umrædds málverks við kaup. — En þótt telja verði þetta ósannað, eins og máli þessu er háttað, þá þykja þó nokkrar líkur vera að því leiddar, að stefndi kunni að hafa keypt málverkið af stefnanda. Felast þær líkur aðallega í fyrrgreindum fjárgreiðslum hans til stefnanda, framburði Svölu Thorsteinsson og vottorði Tómasar Gíslasonar. Líkur þessar þykja svo veigamiklar, að ekki þykir unnt að taka til greina aðalkröfu stefnanda. Verður því varakrafa hans tekin til greina og stefnda gert að skila honum framangreindu málverki, ef stefnandi synjar þess með eiði, að hann hafi selt stefnda það.

Verði stefnanda eiðfall, skal stefndi hins vegar greiða honum kr. 1943.00, enda er ósannað, að verð það, er stefnandi heimtar fyrir málverkið, kr. 2500.00, sé á nokkurn hátt ósanngjarnt. Vinni stefnandi eiðinn, skal stefndi greiða honum kr. 450.00 í málskostnað, en verði honum eiðfall, þykir hæfilegt að gera stefnda að greiða honum kr. 250.00 upp í málskostnað.

Dráttur sá, sem orðið hefur á því, að dómur væri lagður á mál þetta, stafar af því, að fyrirhugað var, eftir að gagnasöfnun var lokið, að málverkið yrði metið af dómkvöddum mönnum. Reyndist það ýmsum erfiðleikum bundið og var loks gefizt upp við þá fyrirætlun, þegar umboðsmaður stefnda lýsti því nú fyrir skömmu, að ekki reyndist unnt að finna málverkið, en stefndi mun sjálfur vera erlendis og ekki hafa gefið umboðsmanni sínum vitneskju um, hvar málverkið er niður komið.

Gunnar A. Pálsson, fulltrúi lögmannsins í Reykjavík, kvað upp þenna dóm.

Því dæmist rétt vera:

Ef stefnandi, Tryggvi Magnússon, synjar þess með eiði á varnarþingi sínu innan aðfararfrests í máli þessu og eftir löglegan undirbúning, að hann hafi selt stefnda, Franz Andersen, málverkið Álfareiðina, þá skal stefnda skylt að skila stefnanda nefndu málverki. Enn fremur skal stefndi þá greiða stefnanda kr. 450.00 í málskostnað.

Verði stefnanda eiðfall, skal stefndi greiða honum kr. 1943.00 og kr. 250.00 upp í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 14 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 13. marz 1946.

Nr. 161/1945. Valdstjórnin (Hrl. Guttormur Erlendsson)
gegn

Valdimar Ragnari Jónssyni

(Hrl. Garðar Þorsteinsson).

Setudómarar próf. Ólafur Lárusson
og hrl. Sveinbjörn Jónsson í stað hrd.
Jónatans Hallvarðssonar og hrd. Þórð-
ar Eyjólfssonar.

Brot gegn lögum nr. 105/1936.

Dómur hæstaréttar.

Samkvæmt því, sem upp er komið í málinu um ljósmyndunarstarfsemi kærða, verður ekki talið, að II. kafli laga nr. 18/1927 með breytingum laga nr. 105/1936 taki yfir slíka starfsemi, sem verður að teljast til heimilisiðnaðar. Ber því að sýkna kærða af kærum valdstjórnarinnar í máli þessu.

Eftir þessum úrslitum verður að leggja á rikissjóð greiðslu alls sakarkostnaðar, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 150 krónur til hvors.

Dómsorð:

Kærði, Valdimar Ragnar Jónsson, á að vera sýkn af kærum valdstjórnarinnar í máli þessu.